

# Um hrun hagfræðinnar



**Ásgeir Jónsson**  
Lektor við hagfræðideild HÍ

„I predict that in the years ahead Enron, not Sept. 11, will come to be seen as the greater turning point in U.S. society.“

Svo förust bandaríska hagfræðingnum Paul Krugman orð í pistli er hann ritaði í New York Times þann 29. janúar 2002. Pistill Krugmans var ritaður í kjölfar þess að orkufyrirtækið Enron varð gjaldþrota 2. desember 2001 og ótal hneykslismál flutu upp á yfirborðið. Enron gjaldþrotið var hið stærsta sem þá hafði komið upp í Bandaríkjunum en heildarskuldir félagsins við þrot námu rúmum 13 milljörðum dala. Helstu forsvarsmenn félagsins voru í framhaldi dæmdir fyrir fjársvik og endurskoðunarfrirtæki Enron (Arthur Andersen) varð gjaldþrota vegna skaðabótakrafna. Það breytir því þó ekki að ofangreindur spádómur Krugmans verður að teljast stærsta spáskekkja hagfræðings á síðari tímum. Með árunum hefur fennit yfir þrot Enrons í hugum fólks og það einnig fallið í skuggann af röð stærri gjaldþrota og skandala eftir að fjármálakreppan hófst um mitt ár 2007. Aftur á móti er óumdeilt að hryðjuverkin þann 11. september 2001 hafa komið af stað straumþungri atburðarás um allan heim sem enn sér ekki fyrir endann á. Krugman var einnig ásakaður um hræsní á þessum tíma þar sem hann hafði verið einn af ráðgjöfum Enron þegar hæst stóð í stönginni þar á bæ. Árið 1999 þáði hann 50 þúsund dali fyrir að sitja í ráðgjafaráði fyrirtækisins og nokkrum vikum síðar ritaði hann mjög lofsamlega grein um fyrirtækið í viðskiptatímaritið Fortune.

Enron-skekkjan hefur þó alls ekki orðið til þess að letja Krugman í því að gefa út spádóma né heldur bæta spádómshæfni hans. Í þriggja greina bálki sem einn þekktasti sagnfræðingur nútímans, Niall Ferguson, ritaði árið 2013 og ber heitið „Krugtron the invincible“ fór hann yfir helstu spáskekkjur hagfræðiprófessorsins. Þar má telja að hann hafi ekki séð fjármálakrisuna fyrir sem og að hafa ítrekað spáð hruni evrunnar, auk ótal annarra sleggjudóma og fullyrðinga sem hafa alls ekki gengið eftir. Aðal gagnrýni Fergusons fólst þó ekki í því að Krugman hefði rangt fyrir sér heldur mun frekar frjálslýndi hans gagnvart staðreyndum, óvilja til þess að viðurkenna mistök, auk þess að sýna þeim hroka og ókurteisi sem efuðust um vísindum hans.

Það er í sjálfu sér erfitt að vera ósammála Njáli að lítillæti, kurteis og varkárni séu dyggðir sem Páll Krugman mætti gjarnan kynna sér. (Jafnvel mætti leggja til að fleiri dyggðum væri bætt á námslista prófessorsins.) Samt sem áður er Krugman frábær fræðilegur hagfræðingur og nóbelsverðlaun hans árið 2008 voru mjög verðskulduð. Verðlaunin hlaut hann fyrir greiningu á alþjóðaviðskiptum og hagrænni landafræði sem munu halda nafni hans á lofti. Þannig hefur Krugman náð árangri við að smíða líkón og kenningar til þess að skýra

efnahagslega ákvörðunartöku fólks. Sú staða hefur gefið honum trúverðugleika til þess að tjá sig, en því miður lítinn árangur í spámennsku. Gagnrýnin á Krugman er því að ýmsu leyti dæmigerð um þá gagnrýni sem hagfræðin hefur orðið fyrir eftir að fjármálakrisan hófst um mitt ár 2007. Þessi umræða hefur líka skotið upp kollinum á Íslandi. Til að mynda hélt sagnfræðingurinn Guðni Th. Jóhannesson fyrirlestur á síðasta Þjóðarspegli – ráðstefnu Félagsvísindasviðs er haldin var þann 31. október 2014 – sem bar hið lýsandi heiti: „Hrun háskólanna, hrun hagfræðinnar, hrun kenninganna“. Það er í sjálfu sér eðlilegt að spurt sé hvort hagfræðin sé hér á rangri braut og hvort spáskekkjur Krugmans og stéttarbræðra hans afsanni kenningar hagfræðinnar.

## Hvaða hrun?

Áður er lengra er haldið er nauðsynlegt að áréttu að fjármálakrisan sem hófst um mitt ár 2007 er ekki heimskreppa. Hún er bundin við vestari hluta Evrópu og Bandaríkin og mætti því kalla Atlantshafskreppu. Öðrum löndum og heimsálfum hefur í raun gengið mjög vel efnahagslega frá 2009. Atlantshafskreppan er heldur ekki einstök þar sem áður hafa komið upp sambærilegar svæðisbundnar krísur; líkt og skandinavíska bankakreppan 1991-1992, Tequila-krisan 1994, Asíukreppan 1998 og svo framvegis. Það sem er sérstakt við þessa krísu er að hún kemur upp á gömlum og grónum lendum kapitalismans, á stærstu og sterkustu myntsvæðum heims, sem hafa nánast verið kreppufrí frá seinna stríði.

Einnig er mikilvægt að áréttu að þó hagfræðistéttin hafi ekki séð krísuna fyrir er samt ekkert við hana sem afsannar eina einustu hagfræðikenningu. Þvert á móti. Téð kreppa er fátt annað en staðfesting á aldagömlum og margreyndum kenningum um banka og fjármálamarkaði. Aukinheldur er Ísland eina landið þar sem orðið hrun kemur fyrir í þjóðfélagsumræðu um téða krísu. Ytra er Atlantshafskreppan yfirleitt nefnd „Stóra stöðnunin“ eða „the Great recession“ vegna þess hve samdráttur landsframleiðslu hefur verið vægur en samt langvarandi.

Guðni Th. nefnir heldur ekki í fyrirlestri sínum hvaða kenningar nákvæmlega áttu að hafa hrunið. Ef lítið er til Íslands er óumdeilt að hrunið er ekkert annað en staðfesting á kenningu Bagehots frá árinu 1873 að þeir bankar sem hefðu ekki trúverðugan lánveitanda til þrautavara hlytu að falla í lausafjárhlaupi. Hins vegar hafa engin önnur bankakerfi hrunið í Atlantshafskreppunni vegna þess að seðlabankar annarra myntsvæða hafa verið nægilega sterkir til þess að veita lausafjárstuðning. Sérstaða Íslands stafar annars vegar af því hvað íslenska bankakerfið var orðið hlutfallslega of stórt og myntkerfið of lítið og því fór sem fór. Seðlabankar Bandaríkjanna, Bretlands og Evrúlands eru í þeirri forréttindastöðu að geta prentað forðagjaldmiðla til þess bæði að endurfjármagna fjármálakerfið og fjármagna hallarekstur ríkisins án

## Til að mynda hefur ekki einn einasti sagnfræðingur fjallað um hrunið 2008 í sögulegu ljósi þrátt fyrir að til að mynda líkindin við fall Íslandsbanka 1930 og setningu hafta ári síðar séu mjög sterk - og lærdómurinn augljós.

Þess að óttast gjaldeyriskreppu. Þannig var hægt að koma í veg fyrir samdrátt og harkalega efnahagslega aðlögun í kjölfar snarps gengisfalls sem fylgdi öllum hinum fyrri fjármálakreppum á hinum smærri og veikari myntsvæðum. Enginn veit síðan nákvæmlega hvaða áhrif þessi fordæmalaus peningaprentun mun hafa, en það er önnur saga.

Í ljósi ofangreindra staðreynda lítur yfirskrift fyrirlesturs Guðna Th. um hið þrítekna hrun háskólanna, hagfræðinnar og kenninganna út sem einhvers konar misskilningur, eða yfirstemmd íslensk sérhyggja. Hin raunverulega spurning snýr mun fremur að því af hverju hagfræðistéttin fór ekki eftir kenningunum fremur en þær hafi verið afsannaðar.

## Vandinn við að spá

Einn helsti vandinn við að spá fyrir um efnahagsleg áföll er sá að spáin og krísan eru ekki óháðir atburðir. Ef hagfræðistéttin hefði spáð rétt fyrir um kreppuna 2007 hefði hún aldrei átt sér stað þar sem brugðist hefði verið við henni í tíma, og spáin hefði þá sjálfkrafa verið röng. Raunar mætti hæglega þakka aukinni þekkingu í hagfræði og breyttum áherslum í hagstjórn að Vesturlönd þó nutu 60 kreppulausra ára frá seinna stríði. Að sama skapi geta spádómar verið sjálf-uppfyllandi – svo sem ef lækkan á lánshæfi eyðir trausti og veldur áhlaupi á þjóðríki eða fjármálastofnanir. Margir virðast einnig vera haldnir forlagatrú (deterministic view) þegar kemur að spám. Þannig að tímans rás streymi að einum – og jafnvel fyrirjáanlegum – endapunkti. Hið rétta er að ávallt eru mjög margir ferlar til staðar og tilviljanir eða óvæntir atburðir ráða hvernig hlutirnir enda. Fjármálamarkaðir og innlánastofnanir eru aukinheldur óstöðug fyrirbæri í eðli sínu og líkur á krísu eru ekki aðeins alltaf til staðar heldur hljóta að koma upp í frjálsum markaðshagkerfi. Þetta er þó ekki kjarni málsins þegar hin stóra spáskekkja hagfræðingastéttarinnar er metin.

Efnahagslífið er margskipt. Oft er því skipt niður í raunhagkerfi og fjármálakerfi þó það sé að mörgu leyti gölluð skipting. Á síðustu áratugum hefur þjóðhagfræði þróast með þeim hætti að greining á raunhagkerfinu hefur verið í fyrirrúmi. Seðlabankar hafa lagt höfuð áherslu

á framfylgd verðbólguþröngvæðis með því að stýra raunhagkerfinu með skammtímavöxtum. Hins vegar var upptakturinn að Atlantshafskreppunni sérstakur að því leyti að hvorki verðbólga né þensla lét á sér kræla þrátt fyrir að ójafnvægi væri að byggjast upp í fjármálakerfinu. Af þessum sökum sá hagfræðistéttin engin aðvörunarljósi í stýriborðinu þar sem hefðbundnir mælikvarðar úr raunhagkerfinu sýndu ekki ofhitnun. Hér er Ísland einnig undantekning þar sem þensla í raunhagkerfinu – svo sem vegna stóriðjuframkvæmda – leiddi áfram fjármálabóluna að einhverju leyti. Það var nokkuð almennt viðhorf hérlendra hagfræðinga að sú þensla myndi enda með gengisfalli og harðri lendingu líkt og svo oft áður í íslenskri hagsögu, en engir bjuggust við bankahruni.

Mistök hagfræðingastéttarinnar á vesturlöndum fólust þess vegna í því að horfa aðeins á hluta hagkerfisins – raunhagkerfið – en gefa engan gaum að fjármálakerfinu né þeim lexíum sem stéttin hafði lært í mörgum fyrri fjármálakreppum á vesturlöndum, áður en 60 ára stöðugleikinn hófst upp úr seinna stríði. Það má vel kalla fræðilega forheimskun.

## Nýr neisti í sambandið?

Sú var tíðin að hagfræði og sagnfræði voru mjög samlyndar greinar, en þær hafa færst í sundur á síðustu áratugum. Hagfræðin leitaði sér fylgilags við tækni raunvísindanna í leitinni að efnahagslegu genamengi mannsins. Sagnfræði hefur einnig leitað á aðrar brautir. Spænski heimspekingurinn George Santayana orðaði það einu sinni svo: “History is nothing but assisted and recorded memory.” Og svo virðist sem starf nútímna sagnfræðinga snúist nú um slíka minnisseðlasöfnun fremur en að reyna að finna mynstur eða reglur sem fela í sér forspá fyrir framtíðina. Af þeim sökum eru sagnfræðingar sjaldan á vettvangi í þjóðfélagsumræðu þegar stór mál liggja fyrir og sagan gæti haft forspárgildi. Til að mynda hefur ekki einn einasti sagnfræðingur fjallað um hrunið 2008 í sögulegu ljósi þrátt fyrir að til að mynda líkindin við fall Íslandsbanka 1930 og setningu hafta ári síðar séu mjög sterk – og lærdómurinn augljós.

Téður Santayana einnig höfundur að hinni frægu setningu: „Those who cannot remember the past are condemned to repeat it.“ Ef þetta er tekið bókstaflega ættu sagnfræðingar að leggja metnað sinn til þess að forða fólki frá mistökum fortíðar. Ein helsta leiðin til þess að gera það er að nýta sér kenningar í þjóðfélagsfræði, þar með talið hagfræði. Á hinn bóginn er sagnfræði einnig mjög holl fæða fyrir hagfræðinga þar sem hún gefur þeim bæði jarðsamband og yfirsýn sem ætti að dýpka skilninginn á þeim kenningum sem þeir eru að bíta við. Það er því fyllsta ástæða til þess að þessar tvær greinar reyni að kveikja gamlan neista á milli sín og byggja upp sterkt fræðilegt samstarf sín í milli. Fyrir nemendur í bæði sagnfræði og hagfræði eru þetta spennandi tímar. ■